

Fundargerð 65. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn 12. apríl 2012, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson,
Árni Sigfússon,
Inga Sólnes
Berglind Kristinsdóttir
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.framkv.stjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*
Borin upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. *Þjónustusamningur við ríkið*
Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi drög að nýjum þjónustusamningi við ríkið. Einnig kynnti framkvæmdastjóri vinnu við nýja samantekt á stefnu ÞK.
Stjórn fól framkvæmdastjóra að kanna með val á ráðgjafafyrirtæki til að vinna við útfærslu nýrrar langtímaviðskiptaáætlunar er byggði á fyrrgreindri stefnu ÞK vegna þróunarverkefnis á Ásbrú.
3. *Verne option*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn ósk Verne um framlengingu á kauprétti vegna lóðaleigusamnings og byggingarréttar á lóð nærliggjandi við núverandi gagnaver. Stjórn samþykkti að framlengja kaupréttinn til ársloka 2013 og sé það endanleg framlenging. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá málum gagnvart Verne.
4. *Aðalfundur 2012*
Stjórn lagði til að stefnt yrði að því að halda aðalfund ÞK um miðjan maí.
5. *Kína*
Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um funda- og kynningaferð til Kína sem farin var í mars sl. Ferðin var vel skipulögð, 20 fundir voru haldnir þar sem fundað var með ýmsum hagsmunaaðilum í 4 mismunandi borgum. Mikill áhugi var sýndur af hálfu kínverja á samstarfi og nauðsynlegt að fylgja því eftir.
6. *Seltún - staða*
Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn stöðu mála Seltúns.
7. *Önnur mál*
Base.
Útleiga fasteigna í Tækniþorpinu á Ásbrú sem ÞK tók yfir nýverið frá þrotabúi Base gengur vel. Mikill áhugi er fyrir eignunum og svæðinu í heild.

Atlantic Studios.

ÞK hefur að undanfögnu verið að kynna kvikmyndaverið með markvissum hætti og eru nokkrar bókanir þegar komnar í kjölfar þess.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Stefnt er að næsti stjórnarfundur verði 10. maí 2012.

Villy H. Vilmundsson
Árni Arnarson
Berglind Kustinsdóttir
Lýga Elvís

Mér sýnt
Árni Arnarson